



MANNVIT



**NORÐURÞING
IÐNAÐARSVÆÐI (I5) VIÐ HRÍSMÓA**

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

JÚLÍ 2015

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	1
2. Gildandi skipulag	1
3. Forsendur fyrirhugaðs deiliskipulags.....	2
4. Staðhættir	6
5. Umhverfisáhrif.....	6
6. Skipulagsferli	7
Heimildir	8

1. Inngangur

Sveitarfélagið Norðurþing fyrirhugar að deiliskipuleggja iðnaðarsvæði við Hrísmóa sunnan Húsavíkur, merkt I5 á Aðalskipulagi. Í gildi er deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn Húsavíkur dags. 2/9 1997. Það skipulag er orðið barns síns tíma og verður deiliskipulag þetta unnið skv. 37.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í vissum tilfellum er vitnað í gildandi deiliskipulag í þessari lýsingu.

Útfærsla deiliskipulagsins mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti og stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu. Verkefnislýsing þessi verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnt almenningi.

Skipulagslýsing er unnin í samræmi við 1. mgr. 40. og 43. greina skipulagslaga nr. 123/2010 og matslýsing er unnin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum deiliskipulagsins, fyrirliggjandi stefnu og áherslum sveitarstjórnar. Auk þess er greint frá fyrirliggjandi ákvörðunum, staðháttum, áherslum í umhverfismati og áformuðu skipulagsferli með umfjöllun um samráð og kynningar.

2. Gildandi skipulag

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 (Alta, 2010) sem var samþykkt í desember 2010, með áorðnum síðari tíma breytingum. Í aðalskipulagi segir svo um iðnaðarsvæði I5 á Hrísmóum.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
I5	14,0	Á svæðinu í dag er virkjun og geymsl-ur. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir 11 lóðum á bilinu 3500 m ² til um 8000 m ² að stærð. Þar að auki er ein 10.000 m ² lóð og ein 30.000 m ² . Byggt hefur verið á þremur lóðanna. Svæðið er við aðkomu að Húsavík úr suðurátt og því er mikilvægt að umhverfi þess sé snyrtilegt og frágangur lóða góður.	Svæði fyrir iðnað og athafnastarfsemi, einkum þá sem nýtir heitt vatni eða gufu frá Orkuveitu Húsavíkur. Gert er ráð fyrir að svæðið geti stækkað um 250 m til norðurs, miðað við gildandi deiliskipulag. Gert er ráð fyrir breytingu á legu þjóðveggar 85 vestan við iðnaðarsvæðið þannig að vegur færirist um 0–100 m til vesturs. Áhersla verði lögð á aðlaðandi ásýnd með góðum frágangi lóða og jaðra svæðisins, gróðursetningu og snyrtilegri umgengni.

Jafnframt er skilgreint sorpförgunarsvæði S2 innan framangreinds iðnaðarsvæðis.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
S2	1,4	Móttöku- og flokkunarstöð og sorp-brennslustöð	Svæði fyrir móttöku og förgun sorps.

Forsendur aðalskipulags um þjóðveg 85 (Sv85) Norðausturveg sem liggur nú innan skilgreinds iðnaðarsvæðis I5 og skipulagsákvæði á kaflanum um iðnaðarsvæðið eru eftirfarandi:

Nr.	Forsendur	Skipulagsákvæði
Sv85	Norðausturvegur, nr. 85 Stofnvegur frá Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldals hraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Hólaheiði um Þistilfjörð, Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopna fjörð, á Hringveg við Gestreiðarstaðaaxlir. Sá hluti vegarins sem liggur innan Norðurþings skiptist í fjóra hluta skv. Vegaskrá Vegagerðarinnar 2009: 8503: Frá vestari sveitarfélagsmörkum að Kísilvegi (87). 8504: Frá Kísilvegur (87) að Kringlumýri við Húsavík. 8506: Frá Kringlumýri að Baldursbrekku við Húsavík. 8507: Frá Baldursbrekku að eystri sveitarfélagsmörkum.	Til að bæta yfirsýn og umferðaröryggi er gert ráð fyrir að rétta þjóðveg 85 af á 1,2 km kafla þar sem þjóðvegurinn liggur upp á Haukamýraás, þannig að vegurinn færir um 100 m til vesturs (0-120 m).

Deiliskipulag

Í gildandi deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið við Hrísmóa (Helgi Hafliðason og Landslag, 1997) er svæðinu skipt í tvo hluta, annars vegar iðnaðarlóðir um 8 ha og hins vegar skógar- og útivistarsvæði um 10 ha.

3. Forsendur fyrirhugaðs deiliskipulags


Við gerð núgildandi aðalskipulags var skógar- og útivistarsvæði, sem skilgreint er í núgildandi deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið I5 við Hrísmóa fellt undir opin svæði til sérstakra nota (O11), en reitur fyrir iðnað stækkaður til norðurs og vesturs og er nú um 14 ha, sjá mynd 2. Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir breytingum á sorpförgunarsvæðinu S2.

Forsendur gildandi deiliskipulags iðnaðarsvæðisins á Hrísmóum eru því gjörbreyttar, þar sem annars vegar eru búið að fella út skógar- og útivistarsvæðið og hins vegar er ekki lengur þörf á 30.000 m² lóð. Gert er ráð fyrir að þeirri lóð verði skipt upp í fjórar minni lóðir. Í annan stað er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir færslu á þjóðvegi 85 til vesturs og stækkar iðnaðarsvæðið sem því nemur. Færsla þjóðvegur hefur ekki átt sér stað og verður að taka tillit til vegarins við gerð deiliskipulagsins. Verði ásókn í iðnaðarlóðir er núverandi lega þjóðvegur farin að þrengja mjög að skipulaginu og verður þá að horfa til færslu á honum við fyrsta tækifæri.

Deiliskipulagstillaga mun gera grein fyrir iðnaðarsvæði I5 og sorpförgunarsvæði S2 í samræmi við gildandi aðalskipulag Norðurþings.



Mynd 1 Gildandi deiliskipulag frá 1997.



Mynd 2 Hluti úr þéttbýlisupprætti aðalskipulags Norðurþings, frá des. 2010 til vinstri. Stækkuð mynd af iðnaðarsvæði sem afmarkar fyrirhugað deiliskipulagssvæði til hægri. Myndirnar eru ekki í mælikvarða.

Tillaga að nýju deiliskipulagi gengur út frá því að staðsetningu Þjóðvegjar 85 verði til framtíðar breytt til samræmis við aðalskipulag Norðurþings. Skipulagið skal þó einnig virka vel við núverandi aðstæður, miðað við núverandi staðsetningu Þjóðvegjar.

Í drögum að deiliskipulagsupprætti (mynd 3) er iðnaðarsvæðinu skipt í tvennt og er gert ráð fyrir þróun þess í tveim áföngum. Miðað við gildandi deiliskipulag sem sýnt er með bláum punktalínunum verða aðeins smábreytingar á suðurhluta iðnaðarsvæðisins. Á norðurhluta svæðisins verður meira um breytingar í nýju deiliskipulagi auk þess sem það stækkar til norðurs til samræmis við aðalskipulagið.



Mynd 3 Drög að deiliskipulagi svæðisins. Athugið að myndin er ekki í mæliskvarða.

4. Staðhættir

Iðnaðarsvæðið á Hrísmóum eru ofan þjóðvegur um 1,5 kílómetra sunnan þéttbýlisins á Húsavík. Þar er nú orkustöð Orkuveitu Húsavíkur og geymslur, auk móttöku- og sorpflokkunarstöðvar. Að öðru leyti er svæðið óbyggt. Norðaustan iðnaðarsvæðisins eru golfvöllur og útivistarsvæði. Suður og suðvestur af því er útivistarsvæði og hverfisverndarsvæði við Kaldbakstjarnir, sem mynduðust við stíflun lækjar og aðrennsli vatns frá Orkuverinu. Vestan þjóðvegur er lögbýlið Kaldbakur þar sem byggð hefur verið upp gistipjónusta.

Neðan þjóðvegur og norðan Kaldbaks er vatnsverndarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Einnig er vatnsverndarsvæði sunnan iðnaðarsvæðisins. Á báðum svæðum er um að ræða litlar uppsprettur sem eru nýttar fyrir fiskeldi.

5. Umhverfisáhrif

Deiliskipulagstillagan fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna, þar sem framkvæmdin sem skipulagsáætlunin veitir heimild fyrir er tillkynningarskyld til sveitarstjórnar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. flokk c, lið 10.02, í 1. viðauka við lögina. Hann fjallar um mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur allt að 50 ha svæðis. Að öðru leyti felur skipulagstillagan ekki í sér heimild til framkvæmda sem eru matsskyldar eða tillkynningarskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000. Í samræmi við lög um umhverfismat áætlna verður lagt mat á áhrif fyrirhugaðrar skipulagsáætlunar um 14 ha iðnaðarsvæðis 15 á Hrísmóum. Í því mati verður stuðst við fyrirbyggjandi gögn um möguleg umhverfisáhrif. Þeir umhverfisþættir sem verða til umfjöllunar eru eftirfarandi:

- Ásýnd og landslag
- Gróðurfar og fuglalíf
- Útivist og hávaði

Ekki er talin þörf á umfjöllun um:

- Vernd og landslag (Engin áhrif á verndar- eða friðlýst svæði)
- Fornleifar (Engin áhrif á fornleifar)
- Jarðmyndanir (Engin jarðfræðileg sérstaða)
- Vatnafar, grunnvatn (Engin breyting vegna áforma)

Ásýnd og landslag. Iðnaðarsvæðið sést vel frá þjóðvegi 85. Breyting verður á ásýnd svæðis þegar fleiri byggingar bætast við, einkum þar sem ekkert rask er í dag.

Gróðurfar og fuglalíf. Fyrirhugað iðnaðarsvæði er að nokkru raskað og helstu gróðurlendi eru graslendi, lyngmói, melar og lúpínubreiður. Fjallað hefur verið um þetta svæði í öðrum verkefnum og byggt á þeim gögnum verður gerð grein fyrir mögulegum áhrifum í umhverfisskýrslu. Ekki eru heimildir um sjaldgæf gróðurlendi eða varpfugla sem háð eru vernd á viðkomandi svæði.

Útivist og hávaði. Iðnaðarsvæðið á Hrísmóum er rétt við fjölfarinn þjóðveg og nokkuð frá þéttbýli, en í námunda við útivistarsvæði. Fjallað verður um hávaða og ónæði sem fylgir fyrirhugaðri landnotkun og möguleg áhrif.

Notast verður við hugtök sem fram koma í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umfang og vægi áhrifa í samhengi við nákvæmni skipulagsstigsins. Áhrif verða metin jákvæð, neikvæð eða óveruleg. Getið verður sérstaklega um óvissu.

Umhverfisskýrsla. Í samræmi við umhverfismat áætlana verður greint frá umhverfisáhrifum deiliskipulagsins í umhverfisskýrslu, sem verður hluti af greinargerð á tillöguupprætti deiliskipulags.

6. Skipulagsferli

Kynning og samráð. Skipulags- og matslýsing verður send Skipulagsstofnun til umsagnar, einnig verður leitað eftir sjónarmiðum annarra viðkomandi umsagnaaðila: Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Vegagerðin. Lýsingin verður kynnt almenningi á heimasíðu Norðurþings og hún mun einnig liggja frammi til kynningar á skrifstofum sveitarfélagsins. Þannig gefst almenningi tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við lýsinguna.

Að lokinni gerð tillögu að deiliskipulag og umhverfisskýrslu verða gögnin auglýst og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með birtingu þeirra á heimasíðu og á opnu húsi á skrifstofum Norðurþings. Skipulagstillagan verður samtímis send Skipulagsstofnun og umsagnaaðilum. Auglýstur umsagna- og athugasemdafrestur er 6 vikur.

Samþykkt deiliskipulag verður sent Skipulagsstofnun (innan 8 vikna frá því að athugasemdafrestur rann út). Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust. Bæjarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku í Stjórnartíðindum (innan 3 mán. frá endanlegri afgreiðslu bæjarstjórnar).

Auglýsing deiliskipulagsins fer skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tímaáætlun. Ferlið áætlað sem hér segir:

- | | |
|------------|---|
| 14.07.2015 | Tillaga að skipulags- og matslýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir skipulagsnefnd |
| 21.07.2015 | Tillaga að skipulags- og matslýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir bæjarstjórn |
| 21.07.2015 | Skipulags- og matslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Einnig birt á heimasíðu Norðurþings og hengd upp til kynningar og sýnis á skrifstofum Norðurþings. Athugasemdafrestur gefinn til 11.08.2015. |
| 11.08.2015 | Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir skipulagsnefnd. |
| 18.08.2015 | Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir bæjarstjórn. |
| 19.08.2015 | Tillaga að deiliskipulagi auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum, hún birt á heimasíðu og hengd upp til sýnis á skrifstofu Norðurþings. Frestur til athugasemda 6 vikur. |
| 13.10.2015 | Skipulagsnefnd fjallar um athugasemdir, ef einhverjar eru og samþykkir viðbrögð við þeim. |
| 20.10.2015 | Tillaga deiliskipulagi lögð fyrir bæjarstjórn. |
| 20.10.2015 | Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun. |
| 10.11.2015 | Athugasemdafrestur Skipulagstofnunar. |
| 17.12.2015 | Gildistaka deiliskipulags auglýst í Stjórnartíðindum. |

Heimildir

Alta, 2010. *Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030*.

Helgi Hafliðason og Landslag, 1997. *Húsavík. Iðnaðarsvæði Suður. Deiliskipulag*.

Náttúrustofa Norðausturlands, 2005. *Móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík, með brennslu- og orkunýtingarkerfi. Matskýrsla*. Unnið fyrir Sorpsamlag Þingeyinga ehf.

Sigríður G. Björgvinsdóttir, 2012, *Gróðurkortlagning og breytingar á útbreiðslu alaskalúpinu í Húsavíkurlandi 1977 – 2007*, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 42 bls.

Þóroddur F. Þóroddsson (ritstj.) Helgi Hallgrímsson, Þórir Haraldsson, Ólafur K. Nielsen & Jóhannes Björnsson (1984). *Húsavík Náttúrufar og minjar. Skýrsla unnin fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur af Náttúrugripasafninu á Akureyri*. Reykjavík, Iðnaðarráðuneytið.